

## Fundur í stjórn foreldrafélagsins 29. október 2008

**Mætt:** Jónína, Lilja Sólrún, Hera, Kalina, Hjördís, Helga, Móheiður, Kristinn Jón.  
**Vantar:** Hildu, Jónu Björk og Íris Elva boðaði forföll.

- Þetta er fyrsti fundur á nýju skólaári og stjórnarmeðlimir byrjuðu á að kynna sig og sín börn.
- Næsta mál á dagskrá var kosning í embætti en í vetur verður Hjördís formaður, Kristinn Jón varaformaður, Kalina gjaldkeri og Jóna Björk ritari. Aðrir stjórnarmeðlimir eru meðstjórnendur.
- Jónína kynnti hið nýja foreldraráð leikskólans en ráðið hefur þegar haldið sinn fyrsta fund. Í ráðinu eru þrír foreldrar, Arnar Eggert, Guðrún Margrét og Ingibjörg. Rætt var stuttlega um hlutverk ráðsins eins og það er skilgreint í 11. gr. leikskólalaga, eftirlit og tillögurétt ráðsins. Ráðið er að móta starfshætti sína, m.a. að velta fyrir sér hvernig það mun leita álit til allra foreldra. Eftir fyrsta fund fékk ráðið heim gögn til að skoða og gefa álit sitt á.
- Því næst var rætt um vetrarstarfið. Félagsgjöld voru nýverið send í innheimtu þannig að óvíst er um heimtur á þessum erfiðu tímum. Ákveðið því að móta vetrarstarfið þannig að reynt verður að halda kostnaði í lágmark.
  - Jólalald – starfsfólkið er að setja saman áætlun um jólastarf. Kristinn þekkir 2 jólasveina og harmonikkuleikara sem gætu komið endurgjaldslaust á jólaballið 19. desember. Hann mun kanna hvort þeir eru lausir. Kalina kynnir ýmsar skemmtilegar hugmyndir frá sínum leikskóla, t.d. kaffihúsaviku, jólaverkstæði í salnum og samstarf við Hlíðaskóla t.d. um helgileik. Veltum fyrir okkur hvort starfsfólk vilji selja foreldrafélaginu jólaleikritið um jólasveinana sem sett var upp fyrir 2 árum. Rætt um að kaupa gjöf fyrir börnin frá jólasveinum, t.d. í Söstreng Grene. Jónína mun senda okkur beiðni um fjárveitingu þegar starfsfólk hefur sett niður dagskrá.
  - Þrettándagleði – hentar illa í ár að halda á laugardeginum eftir þrettándann. Í stað þess mun foreldrafélagið halda þrettándagleði á þrettándanum, 6. janúar. Komu fram ýmsar hugmyndir um búninga, skemmtiatriði, hatta, harmónikkuspil frá afa Selmu Rósar, kakó og flatkökur, svo göngu út og flugelda. Ákveðum þetta nánar þegar nær dregur.
- Ræddum að lokum tákn málsnámskeið. Hjördís mun hafa samband við Gígju og reyna að finna heppilegan tíma sem fyrst í byrjun nóvember.

Fundi slitið kl. 17.00.

Hjördís ritaði fundargerð í fjarveru Jónu Bjarkar.